

Lög Týs, f.u.s. í Kópavogi

I. Kafli.

Nafn og tilgangur.

1. gr.

Félagið heitir Týr og er félag ungra sjálfstæðismanna í Kópavogi. Félagssvæði og lögheimili þess er í Kópavogi.

2. gr.

Markmið félagsins er að breiða út stefnu Sjálfstæðisflokksins meðal ungs fólks og virkja það til starfa innan flokksins.

Félagið skal á hverjum tíma, berjast fyrir hagsmunamálum ungs fólks og tryggja að hagsmunum þessa hóps sé gætt við mótun og framkvæmd stefnu Sjálfstæðisflokksins.

Markmiði þessu hyggst félagið ná með því að fylgja eindregið Sjálfstæðisflokknum að málum, styðja hann við kosningar og vinna að hugsjónum hans.

Grundvöllur stefnu félagsins er frelsi og sjálfstæði þjóðar og einstaklinga, séreignarskipulag og jafnrétti til tækifæra fyrir alla þjóðfélagsþegna.

3. gr.

Félagið starfar eftir skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins.

Með góðum fyrirvara fyrir alþingis- og sveitastjórnarkosninga skal stjórn félagsins skipa 3-5 manna nefnd sem skipuleggur og stjórnar öllu kosningastarfi félagsins í umboði stjórnar og í samvinnu við hana.

II. Kafli.

Meðlimir.

4. gr.

Aðild að félaginu eiga ungir sjálfstæðismenn með lögheimili í Kópavogi á aldrinum 15-35 ára, sem ekki eru félagar í öðrum stjórn mála flokkum en Sjálfstæðisflokknum.

5. gr.

Stjórn félagsins getur með 2/3 atkvæða vikið úr félaginu hverjum þeim sem að áliti hennar brýtur lög félagsins eða vinnur gegn stefnu þess.

Áfrýja má slíkri ákvörðun stjórnarinnar til félagsfundar.

III. Kafli.

Stjórn félagsins og starfsemi.

6. gr.

Málefni félagsins annast stjórn, félagsfundir, almennir fundir og nefndir sem stjórn kys sér til aðstoðar.

7. gr.

Í stjórn félagsins sitja 7 manns að formanni meðtöldum og þrír til nýu varamenn. Formaður skal kosinn sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi félagsins til eins árs í senn.

8. gr.

Aðalfund félagsins skal halda árlega og ekki síðar en í maí. Til aðalfundar skal boða með minnst viku fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar lagðir fram.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning formanns, stjórnar og varastjórnar.
6. Önnur mál.

Kosning skal vera skrifleg ef einhver fundarmanna fer fram á það. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Framboð til stjórnar, sem og aðrar tillögur fyrir fund, skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

9. gr.

Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þurfa þykir og skal stjórn félagsins að jafnaði kappkosta að rækja að öðru leyti hverskonar starfsemi, sem líkleg er til að efla félagið og styrkja málstað þess. Formaður boðar til þeirra og stýrir þeim nema annað sé ákveðið.

Stjórnarfundir skal að jafnaði boða með tveggja sólarhringja fyrirvara.

Stjórnarfundur er löglegur er meirihluti stjórnarmanna situr fund.

Óski fjórir stjórnarmenn eða fleiri eftir stjórnarfundir ber að halda hann innan viku frá því formanni berst slík ósk.

10.gr.

Almennan félagsfund skal halda ef eigi færri en 20 félagsmenn krefjast þess í skriflegu erindi til stjórnar og greina frá tilefni fundarins. Stjórn skal þá boða til fundar án tafar og skal fundur haldinn innan tveggja vikna frá því að krafa kemur fram. Um almenna félagsfundir og boðun þeirra gilda sömu reglur og um aðalfund eftir því sem við á.

11.gr.

Í miðstjórn félagsins sitja nefndarmenn ásamt stjórn.

Stjórn ákveður með aflatkvæði hverjir fá umboð til að mynda nefnd.

Stjórn ræður fjölda nefnda hverju sinni.

Umboðshafar eru jafnframt formenn nefndana. Þeim er skylt að skipa varaformann. Formenn nefnda ráða starfsháttum og fjölda nefndameðlima, þó

skal það ákveðið í samráði við stjórn félagsins.

12.gr.

Miðstjórn skal funda einu sinni í mánuði.

Boða skal miðstjórnarfund með tveggja sólahringja fyrirvara. Formaður Týs skal taka fram hvað skal koma fram á miðstjórnarfund.

Stjórn félagsins getur vegna sérstakra ástæðna vikið frá þessu ákvæði.

III. KAFLI.

Ársgjald o.fl.

13.gr.

Árgjald félagsmanna er frjálst.

14.gr.

Reikningstímabil félagsins er á milli aðalfunda.

5. KAFLI - Lagabreytingar o.fl.

15.gr

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæða allra fundarmanna til þess að breytingin nái fram að ganga. Lagabreytingu skal einnig boða í fundarboði aðalfundar.

16. gr.

Lög þessi skulu vera birt opinberlega á vefsíðu Týs eða á öðrum sambærilegum vefmiðlum.

17.gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.